

Minnisblað lagt fyrir fund fjölskylduráðs þann 9. apríl 2021

Í bréfi umboðsmanns Alþingis dags. 29. desember 2017 var óskað eftir upplýsingum frá Hafnarfjarðarbæ um einstaklinga sem eiga við áfengis og/eða vímuefnavanda að stríða og möguleika þeirra á að fá úrlausn á húsnæðisleysi sínu hjá sveitarfélaginu. Erindið var lagt fyrir fjölskylduráð 12. janúar 2018 og frá þeim tíma hafa málefni utangarðsfólks og húsnæðisvandi þeirra verið til umfjöllunar hjá fjölskylduráði án þess að lausn hafi verið fundin gagnvart þessum viðkvæma hópi. Reynslan hefur sýnt að einstaklingar með fjölþættan vanda hafa í flestum tilvikum misst færni til að halda heimili og hafa bæði miklar og flóknar þjónustuparfir.

Á fundi fjölskylduráðs þann 31. ágúst 2018 var greint frá því að einstaklingar með fíknivanda og/eða geðraskanir eiga erfitt með búsetu í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði. Þeir eiga að hafa sömu möguleika og aðrir á því að fá úthlutað félagslegu leiguhúsnæði og skora hátt í mati á þörf við stigagjöf en í reynd eru möguleikar þeirra takmarkaðir. Á fundinum var lagt til að sveitarfélagið mætti búsetuþörf þessara einstaklinga með búsetuúrræði skv. hugmyndafræðinni „housing first“ sem gengur út frá því að húsnæði sé grunnþörf og teljist til mannréttinda. Þegar þessari grunnþörf sé mætt er forsenda fyrir árangri vímuefnameðferða eða meðferðar við geðrænum vanda. Á þessum fundi var bókun ráðsins: „Þörf er á búsetuúrræðum fyrir utangarðsfólk í Hafnarfirði. Mikilvægt að finna heppilegt húsnæði sem fyrst og fara í viðræður við rekstraraðila.“

Skv. bókun fjölskylduráðs kynnti starfsfólk fjölskyldu- og barnamálasvið sér ýmis úrræði og lagði fram tillögu að búsetuúrræði á fundi fjölskylduráðs þann 1. mars 2019 og ýmsum útfærslum á þjónustupörf auk kostnaðaráætlunar. Við mat á úrræðum sem henta þessum hópi kom í ljós að félagasamtökin Samhjálp hafa viðtæka reynslu á þessu sviði og hafa komið að úrræðum á vegum Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar. Málið var lagt til umræðu þann 1. mars 2019 og frestað á fundi þann 15. mars 2019.

Á fundi fjölskylduráðs þann 14. október 2019 var lagt til að þar sem hluti félagslegra leiguíbúða væru nýttar fyrir einstaklinga með fjölþættan vanda skyldi úrræði þróað áfram með því að nýta fleiri íbúðir eftir því sem íbúðir losnuðu. Úrræðið yrði bundið þeim skilyrðum að einstaklingurinn væri tilbúinn að taka þátt í virkniúrræðum og þiggja sértæka liðveislu og endurhæfingu. Hér er átt við íbúðir sveitarfélagsins að Álfaskeiði 64, sem þóttu henta vel þar sem um sérinngang er að ræða í flestar íbúðirnar. Ákvörðun fjölskylduráðs var sannarlega tilraunarinnar virði. Umsjónarmaður var ráðinn til að sinna reglulegu eftirliti en fljótlega kom í ljós vandinn var mikill og var tilboði tekið í farandgæslu sem fólst í því að öryggisvörður frá Securitas fór í eina eftirlitsferð á tveggja tíma fresti á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 8 næsta dag. Genginn var hringur um byggingu Álfaskeiðs og þá m.t.t. óviðkomandi mannaferða á staðnum, óláta í íbúðum og skemmdarverka og kalla átti til lögreglu ef ástæða þótti til. Á þessum tíma bárust fjöldi kvartana frá nágrönum og íbúum í hverfinu, eigur fólks voru teknar ófrjálsri hendi, sprautunálar fundust og ýmis áhöld vegna vímuefnaneyslu í nágrenni við leikskóla og grunnskóla. Ástandið var alvarlegt og að mati starfsfólks fjölskyldu- og barnamálasviðs varð fyrst ró að Álfaskeiði 64 þann 3. mars sl. en þá var útbuður af hálfu sýslumannsembættisins tekinn fyrir. Húsnæðismál fyrrum leigjanda eru hins vegar enn óleyst.

Staðreynd málsins er sú að margir sem nota vímuefni og glíma við geðrænan vanda að auki eru ófærir um og/eða vilja ekki hætta notkun þeirra. Illa hefur reynst að beita þvingunum gagnvart þessum hópi

heldur hefur hugmyndafræði skaðaminnkunar reynst best. Hún felur einkum í sér að draga úr skaðlegum áhrifum vímuefnaneyslu þ.e. að lágmarka skaðann sem neyslan veldur frekar en að fyrirbyggja sjálfa notkunina.

Á fundi fjölskylduráðs þann 29. janúar sl. var lagt fram bréf Hagstofu Íslands dags. 12. janúar 2021. Í bréfinu var óskað eftir upplýsingum um heimilislaust fólk og fólk í húsnæðishraki og eftirfarandi skilgreining var á heimilisleysi: *Með heimilisláusum var átt við einstaklinga sem ekki hafa aðgang að hefðbundnu húsnæði, hafa ekki húsakjól að staðaldri á sama stað og gista þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli fyrir heimilisláusa, hjá hjálparstofnunum eða inni á öðru fólki.*

Fjölskylduráð fékk einnig kynningu á stöðu heimilisláusra og bókaði eftirfarandi:

Mikilvægt að áfram verði unnið að því að finna lausn á húsnæðisvanda einstaklinga sem eru heimilisláusir. Fjölskylduráð óskaði eftir því að farið yrði í þá vinnu að finna staðsetningu í Hafnarfirði fyrir úrræði fyrir heimilisláusa einstaklinga. Einnig að samtal yrði tekið við Kópavogsbæ um mögulegt samstarf í þessu verkefni.

Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs hefur nú þegar kynnt fyrir fjölskylduráði hugmyndir að staðsetningu. Auk þess fékk fjölskylduráð þann 12. mars.sl. kynningu á starfi stýrihóps um málefni heimilisláusra sem hefur verið starfandi sl. mánuði. Í stýrihópnum eru tveir starfsmenn frá velferðarsviði Kópavogs og tveir starfsmenn frá fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar.

Á fundi fjölskylduráðs þann 12. mars sl. var eftirfarandi bókun varðandi einstaklinga sem eiga við fjölþættan vanda að stríða:

- *Kostnaðargreining á því hvaða smáhýsaúrræði kostar og hvernig skipulag starfseminnar í kringum þannig úrræði er. Skoða sérstaklega Reykjavík og Akureyri í því sambandi.*
- *Kostnaðargreining á því hver mögulegur kostnaður verði að fara í samstarf við aðila til að sjá um þessa þjónustu og þá í leiguhúsnæði.*
- *Yfirlit yfir samning Hafnarfjarðarbæjar við Reykjavíkurborg um gistinætur. Hvaða þjónusta er veitt í þeim samningi? Hvað kostar sá samningur á ári?*

Kostnaðargreining á smáhýsum

Stýrihópurinn fékk upplýsingar frá Akureyrarbæ að áætlaður kostnaður fyrir hvert smáhýsi er um 28 m.kr. fyrir fullbúin hús. Sveitarfélagið var með útboð og voru tvö smáhýsi byggð sem eru um 55 fm. að stærð. Einstaklingarnir eru ekki fluttir í húsnæðið en ákvörðun hefur verið tekin um að vettvangsteymi, sem heyrir undir félagslega heimaþjónustu muni gera þjónustusamning við einstaklingana. Á skipulagi er gert ráð fyrir fjórum húsum en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær síðari tvö húsin verða sett upp. Húsin eru byggð úr krosslímdum timbureiningum, einangrað að utan og klædd með álklæðningu. Í vettvangsteyminu eru starfsmenn í 2,3 stöðugildi og er áætlaður launakostnaður um 16 milljónir á ári. Vettvangsteymið hefur sérhæft sig í að aðstoða einstaklinga með geð- og vímuefnavanda og starfar skv. hugmyndafræðinni Housing First, skaðaminnkun og valdeflingu. Stuðningurinn felst einkum í innliti, innkaupum á matvöru, læknisheimsóknum, útkeyrslu á lyfjum (í samvinnu við heilsugæslu), almennri ráðgjöf/ skipulagi og fleira. Þjónustan er veitt alla daga ársins frá kl. 8-19 og byggist á trausti, þolinmæði, sveigjanleika, þekkingu og úrræðum. Um langt skeið hefur verið umræða hjá Akureyrarbæ um skort á úrræðum fyrir heimilisláusa Akureyringa og ekki allir sammála um staðsetningu þeirra. Fyrst stóð til að reisa smáhýsi inni í íbúðarhverfi sem mætti mikilli mótstöðu nágretta. Þá var áætlað að reisa þau á iðnaðarlóð en sú hugmynd féll í grýttan jarðveg og var bent á að verið væri að jaðarsetja væntanlega íbúa smáhýsanna. Smáhýsin standa í dag ofan við Sandgerðisbót, en þar í kring mun á næstu árum rísa nýtt hverfi.

Hjá Reykjavíkurborg var mesta áskorunin að finna þessum húsum staðsetningu. Smáhýsin eru 30 fm., gerð úr CLT einingum og innflutt frá Póllandi. Með uppsetningu kosta þau um 12 m. kr. Fyrir utan

Þessar tölur er allt sem tengist lóðinni sjálfri þ.e. jarðvinna, lagnir, sökkull, yfirborðsfrágangur og annað. Í upphafi var gert ráð fyrir að 450 m.kr. myndu duga til að setja upp 20 smáhýsi en það virðist vera van áætlað. Fimm smáhýsum hefur verið komið fyrir í Gufunesi og áætlað er að tuttugu slík hús verði sett upp á mismunandi stöðum í borginni á næstu árum. Einstaklingarnir sem búa í smáhýsunum eru með öruggt húsnæði allan sólarhringinn og hafa greiðan aðgang að þjónustu og stuðningi. Skilyrði fyrir því að einstaklingur fái slíkt húsnæði er að hann sé í virkri þjónustu vettvangs-og ráðgjafateymis (VoR) og fái einstaklingsmiðaða ráðgjöf og stuðning á vettvangi.

Kostnaðargreining á mögulegu samstarfi

Kópavogur og Hafnarfjarðarbær hafa ekki átt viðræður um mögulegan kostnað ef farið verður í samstarf varðandi búsetuúrræði og fyrirhugaða þjónustu.

Samningur um greiðslu gistináttgjalds í neyðarathvörfum Reykjavíkurborgar fyrir utangarðsfólk

Reykjavíkurborg rekur þrjú neyðarskýli fyrir heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir. Þau eru opin alla daga frá kl. 17 til kl. 10 næsta dag. Boðið er upp á kvöldverð og morgunmat auk stuðnings og þjónustu frá VoR-teyminu og starfsfólki neyðarskýlanna. Gistiskýlið á Lindargötu er fyrir heimilislausa karlmenn. Þar eru 25 gistiþláss. Konukot er fyrir heimilislausar konur. Þar eru 12 gistiþláss. Boðið er upp þvott á fötum og hreinlætisaðstöðu. Neyðarskýlið við Grandagarð er fyrir yngri heimilislausa karlmenn. Þar eru 15 gistiþláss.

Samningur Hafnarfjarðarbæjar og Reykjavíkurborgar um aðgang Hafnfirðinga að gistiskýlum borgarinnar var kynntur fyrir fjölskylduráði þann 17. ágúst 2018. Samningurinn tók gildi frá 16. júní 2017 og er ótímabundinn. Uppsögn samningsins er heimil báðum samningsaðilum með þriggja mánaða fyrirvara og skal vera skrifleg.

Árið 2019 og 2020 var kostnaður sveitarfélagsins vegna samningsins rúmar 7 m.kr. á ári.

Ár	Heildar kostnaður
2019	7.117.616
2020	7.099.579

Hafnarfirði, 7. apríl 2021
Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri

